

## Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar.

### 1. Inngangur

Skilgreining. Bráðamengun: Mengun hafs og stranda sem verður skyndilega og krefst tafarlausra aðgerða.

Tilgangur. Viðbragðsáætlun útskýrir fyrstuviðbrögð við bráðamengun og ber starfsmönnum að þekkja hana vel.

Markmið. Lágmarka og helst útiloka alveg neikvæð umhverfisáhrif vegna bráðamengunar.

Umfang. Sjá áhættumat.

Áætlunin getur átt við eftirfarandi aðstæður: Olíumengun, olíur fara í sjó. Önnur efni, geta farið í sjó.

Ábyrgð. Starfsmaður sem verður var við bráðamengun ber ábyrgð á að koma ferli skv þessari áætlun af stað. Verksmiðjustjóri tekur við stjórn aðgerða á vettvangi og aðrir starfsmenn hjálpa til við að minnka mengun og leka. Verksmiðjustjóri ber ábyrgð á að kynna starfsmönnum þessa áætlun og skulu þeir kunna rétt viðbrögð við bráðamengun.

### 2. Framkvæmd

Starfsmaður sem verður fyrst var við bráðamengun skal samstundis hafa samband við eftirfarandi aðila: Neyðarlínuna 112, framkvæmdarstjóra eða verksmiðjustjóra.

Mikilvægt er að eftirfarandi komi fram þegar hringt er:

- Hver hringir
- Hvaðan er hringt
- Hvað kom fyrir
- Hvað er búið að gera
- Símanúmer sem hægt er að ná í viðkomandi

Telji starfsmaður sig geta stöðvað eða lágmarkað hættu á mengunarslysi án þess að leggja sjálfan sig eða aðra í hættu skal hann gera það. Byrja skal á því að koma í veg fyrir frekari mengun með því að stöðva leka og loka niðurföllum.

Mikilvæg símanúmer:

- Neyðarlínan 112
- Umhverfisstofnun 591-2000
- Framkvæmdarstjóri 896-6979
- Verksmiðjustjóri 862-2582

Ritstýrt af Gísla Guðmundssyni

Í gildi frá 01.10.2015. Endurskoðun október hvert ár.

Útgáfa nr 1